



Fréttabréf FFA september

2. september: [Gengið að Kálfsvatni við Siglufjörð](#)

Brottför kl. 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Margrét L. Laxdal.

Ekið til Siglufjarðar. Gangan hefst við Ráeyri og gengið norður ströndina að vitanum við Selvík. Síðan upp Kálfsdal og að Kálfsvatni. Sama leið gengin til baka.

Vegalengd alls 9 km. Gönguhækkun 230 m.

Verð: 3.000/4.500. Innifalið: Fararstjórn.

[Náttúruhlaup með FFA haustið 2023](#)

Hreyfiverkefnið náttúruhlaup, sem er nýtt hjá FFA, er liður í að auka fjölbreytni í starfi félagsins. Farið verður í léttar hlaupaferðir með fræðslu þar sem þátttakendur læra meðal annars að útbúa sig í hlaup. Vel er haldið utan um hópinn með lokuðum fésbókarhópi þar sem upplýst er hvert verður farið hverju sinni, vegalengdir og fleira. Þar verður einnig fræðsla um hlaup og búnað sem kemur þátttakendum að góðum notum. Verkefnið hefst 6. september og því lýkur 24. september, alls fimm skipti. Sjá nánar á heimasíðu FFA.

Fréttir af skálum eftir sumarið

Nú fer að líða að því að skálum FFA verði lokað fyrir veturinn. Skálanefndir fara væntanlega á næstu vikum í lokunarferðir og þá leita formenn þeirra til sinna nefndarmanna.

Sumarið gekk vel með frábæru liði skálavarða, við þökkum þeim fyrir vel unnin störf og vonum að við fáum að njóta liðsinnis þeirra næsta sumar.

Í Dreka var í fyrsta skipti veitingasala sem mæltist vel fyrir, sérstaklega þó kaffi og vöflur en einnig var boðið upp á súpu þegar svo bar undir.

2. sept.: Kálfsvatn við Siglufjörð

9.-10. sept.: Helgarferð í Botna

10. sept.: Flateyjardalur. Fjallahjólaferð á rafhjól

16. sept.: Mývatn. Jarðhiti, virkjun jarðhita

23. sept.: Hrossadalur-Hamragil

30. sept.: Hreppsendasúlur

